



ÍSLENSKUR TOPPFÓTBOLTI

Samþykktir og sáttmáli aðildarfélaga ÍTF

1. Nafn og heimili

- 1.1. Íslenskur Toppfótbolti – samtök félaga í efstu deildum í knattspyrnu, stofnuð 3. febrúar 2011. Hér eftir verða samtökin nefnd ÍTF.

2. Tilgangur og markmið

- 2.1. ÍTF eru hagsmunasamtök þeirra félaga sem reka lið í efstu deildum í knattspyrnu og hafa þau að markmiði eftirfarandi:
 - a. að skapa félögunum sem best rekstrarskilyrði og stuðla að vexti og framgangi íslenskrar knattspyrnu. Forsenda þess er að metnaður verði lagður í að styrkja og bæta efstu deildir karla og kvenna í knattspyrnu,
 - b. að verða viðurkennd af Knattspyrnusambandi Íslands og alþjóðasamtökum sem sá aðili sem kemur fram fyrir og ver hagsmuni félaga í efstu deildum í knattspyrna á Íslandi,
 - c. að taka þátt í ákvörðunartöku er varða mótahald efstu deilda í knattspyrnu,
 - d. að eiga hlutdeild að annarri ákvarðanatöku innan knattspyrnuhreyfingarinnar sem snýr að hagsmunum félaga í efstu deildum, þ.m.t. samningsgerð vegna markaðs- og sjónvarpsréttinda,
 - e. að miðla þekkingu til aðildarfélaga sinna,
 - f. að stuðla að samvinnu ÍTF og KSÍ í öllum málum er snúa að félögunum og hagsmunum þeirra,
 - g. að verja hagsmuni aðildarfélaga varðandi notkun annarra aðila á nafni, merki og öðrum réttindum félaganna.
- 2.2. ÍTF skal vinna að þessum markmiðum í samvinnu við Knattspyrnusamband Íslands, alþjóðleg knattspyrnusambönd, erlend samtök knattspyrnuliða og önnur knattspyrnufélög í landinu.
- 2.3. Það rúmast innan þessara markmiða og tilgangs að ÍTF stofni rekstrarfélög, eftir atvikum í samstarfi við aðra, um tiltekna þætti. Fjárhagslegur ávinningur af starfi samtakanna skal skila sér til aðildarfélaga ÍTF á hverju rekstrarári eins og frekast er kostur.

3. Aðild

- 3.1. Félög sem eiga lið í efstu deild karla og/eða kvenna og félög sem eiga lið 1.deild karla og/eða kvenna í knattspyrnu á hverjum tíma geta átt aðild að ÍTF.
- 3.2. Félag sem kemst upp í 1. deild getur sótt um fulla aðild að samtökunum strax að loknu því keppnistímabili sem félagið vann sér þátttökurrétt í 1. deild en félagið skal ekki eiga atkvæði um mál, sem varða uppgjör ársins á undan.
- 3.3. Félög eru ekki skuldbundin til að gerast aðilar að ÍTF en þau félög sem sækja um aðild að samtökunum skuldbinda sig til þess að vera aðilar í að lágmarki í 2 ár. Félag sem fellur úr 1. deild missir rétt til aðildar að samtökunum um þar næstu áramót hafi það ekki tryggt sér þátttökurrétt aftur í 1. deild.

4. Félagsgjald

- 4.1. Árlegt félagsgjald skal ákveðið á aðalfundi ár hvert. Hvert aðildarfélag samþykkir að gjaldið verði viðskiptafært hjá KSÍ og greitt til ÍTF.

5. Aðalfundur og félagsfundir

- 5.1. Félagsfundir hafa æðsta vald um málefni samtakanna. Félagsfundir eru annars vegar aðalfundir og hins vegar aukafundir.
- 5.2. Aðalfundur skal halda einu sinni á ári, eigi síðar en viku fyrir ársþing KSÍ ár hvert. Til aðalfundar skal boðað með með sannanlegum hætti, með minnst viku fyrirvara. Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:
 - a. Skýrsla stjórnar
 - b. Staðfesting ársreikninga
 - c. Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps á reikningsárinu
 - d. Fjárhagsáætlun lögð fram
 - e. Innkomnar tillögur
 - f. Kosning stjórnar og varastjórnar svo og endurskoðenda
 - g. Önnur mál löglega fram borin.
- 5.3. Aukafundi skal halda eftir ákvörðunum stjórnar hverju sinni og skal til þeirra boðað með minnst viku fyrirvara. Ef tvö eða fleiri aðildarfélög krefjast þess skriflega skal stjórn boða til aukafundar, innan viku frá því að skrifleg krafa kemur fram og með viku fyrirvara.
- 5.4. Á félagsfundum hefur hvert aðildarfélag eitt atkvæði. Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á félagsfundi. Fulltrúi félags fer með atkvæði þess.

6. Ákvarðanir félagsfunda

- 6.1. Félagsfundur er ákvörðunarbær ef minnst 2/3 félagsmanna sækir fund.
- 6.2. Nú er aðalfundur ekki ákvörðunarbær og skal þá boða til framhaldsfundar innan tveggja vikna. Framhaldsfundur, sem þannig er haldinn, er ákvörðunarbær burtséð frá þátttöku.
- 6.3. Á félagsfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum.

7. Skyldur aðildarfélaga

- 7.1. Aðildarfélög ÍTF taka á sig eftirfarandi skuldbindingar með aðild sinni að samtökunum:
 - a. að vera ekki aðili að öðrum samtökum knattspyrnufélaga í efstu deildum að KSÍ undanskildu,
 - b. að greiða árgjald samtakanna,
 - c. að vinna að þeim markmiðum er fram koma í grein 2 í þessum samþykktum og hlýta ákvörðunum sem teknar eru af samtökunum varðandi þau markmið,
 - d. að vera virkur meðlimur og taka þátt í ákvarðanatöku samtakanna,
 - e. að vinna að heilindum með ÍTF og aðildarfélagunum og sýna aðilum virðingu í samskiptum,
 - f. að leita leiða innan ÍTF til málamiðlana og lausna ef hvers konar ágreiningur kemur upp á milli aðildarfélaga,

- g. aðildarfélög skuldbinda sig til að hlíta ákvörðunum félagsfunda og starfa í samræmi við ákvarðanir félagsfunda,
- h. aðildarfélög leita til stjórnar ÍTF og félagsfunda eftir aðstæðum varðandi meðferð vörumerkja félaganna og skulu hagsmunir heildar hafðir að leiðarljósi.

8. Stjórn ÍTF

- 8.1. Stjórn skal skipuð 6 mönnum auk formanns sem kjörinn er sérstaklega. Stjórn skal að öðru leyti skipta með sér verkum.
- 8.2. Stjórn er kjörin til tveggja ára í senn en þrjár ganga úr aðalstjórn á hverju ári.
- 8.3. Sá sem býður sig fram til formanns eða stjórnar skal hafa skrifleg meðmæli tveggja aðildarféлага.
- 8.4. Tilkypping um framboð til embætta sem kosið er um og skrifleg meðmæli, skv. gr. 8.3., skulu berast framkvæmdastjóra/starfsmanni ÍTF minnst viku fyrir aðalfund. Aðalfundi er þó heimilt að samþykkja framboð sem fram kemur síðar ef nægjanlegur fjöldi hefur ekki tilkynnt framboð sitt innan tilkynningarfrests.
- 8.5. Hvert aðildarfélag getur boðið fram einn fulltrúa í stjórn.
- 8.6. Stjórn skal skipta með sér störfum að öðru leyti.
- 8.7. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær hafi allir stjórnarmenn verið boðaðir og ef hann er sóttur af meirihluta stjórnarmanna. Á stjórnarfundum ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

9. Daglegur rekstur

- 9.1. Stjórn getur ráðið framkvæmdastjóra og/eða starfsmenn, enda rúmist það innan fjárhagsáætlunar. Ráði stjórn framkvæmdastjóra skal hann bera ábyrgð á daglegum rekstri og sinna hefðbundnum framkvæmdastjórástörfum. Formaður getur ekki verið framkvæmdastjóri.

10. Fjárhagsáætlun

- 10.1. Fjárhagsáætlun skal lögð fram á aðalfundi til samþykktar þ.m.t. áætlun um árlegt félagsgjald.
- 10.2. Fjárhagsáætlun er háð samþykki 2/3 atkvæða. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu halda sig innan fjárhagsáætlunar. Óheimilt er að taka ákvarðanir um útgjöld, sem bersýnilegt er að rúmist ekki innan fjárhagsáætlunar. Breytist forsendur skal halda aukafélagsfund til að ákveða viðeigandi breytingar á fjárhagsáætlun.

11. Endurskoðun

- 11.1. Aðalfundur kýs endurskoðanda og skal hann vera löggiltur.

12. Slit félagsins og breytingar á samþykktum

- 12.1. Breytingar á samþykktum þessum eru háðar samþykki 2/3 atkvæða á félagsfundi. Sama á við um slit ÍTF.

Samþykkt á aðalfundi ÍTF 17.febrúar 2020